



Til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Hafnafjörður 29. apríl 2021

**EFNI: Íslandsmót barna og unglings í hestaíþróttum haldið hjá Hestamannafélinu Sörla 2021**

**Ágæta bæjarstjórn**

Dagana 15. – 18. júlí 2021 verður Íslandsmót barna og unglings í hestaíþróttum haldið á félagssvæði Sörla í Hafnarfirði. Á mótið koma börn og unglings, ásamt fjölskyldum sínum, frá öllu landinu. Gera má ráð fyrir að keppendur verði um 300. Með hverjum keppanda má síðan gera ráð fyrir að fylgi allavega 2-5 fjölskyldumeðlimir. Heildarfjöldi þeirra sem koma því til bæjarins beint í tengslum við mótið, án þess að tekið sé tillit til áhorfenda er því um 1200 manns.

Stjórn Sörla hefur mikinn hug á að halda glæsilegt mótið, þar sem hægt verður að skapa skemmtilega fjölskyldustemmningu í samvinnu við bæjaryfirvöld og fyrirtæki í Hafnarfirði. Stjórn félagsins vill kynna félagið og bæinn og íþróttalífið þar á sem bestan hátt á metnaðarfullan hátt.

Stjórn félagsins leitar eftir stuðningi Hafnafjarðarbæjar vegna m.a. eftirfarandi verkefna:

1. Stjórn félagsins óskar eftir því að bæjarstjórn heimili að fjölgæð verði í stöðugildum sumarstarfsfólks á vegum Hafnafjarðarbæjar sem fær vinnu hjá Sörla við ýmis fegrunarverk. Slátt á lúpínum, viðhald valla, málun o.fl. Ljóst er að gera þarf ýmislegt á svæðinu til að það líti sem best út og verði Sörla og íþróttastarfi í Hafnafjarðarbæ til sóma.
2. Óskað er eftir stuðningi við framkvæmdir við velli og keppnisbraut í formi áhalda og tækja sem bærinn á, heflun, völtun og sléttun valla. Ljóst er að fyrir liggar að kaupa þarf meira efni, setja á velli og ganga frá því. Á síðasta þingi Landssambands hestamannafélaga var samþykkt regla um 70 metra auðan kafla eftir að skeiðbraut líkur. Til að uppfylla þetta skilyrði þannig að um löglega keppnisbraut sé að ræða þarf að laga enda skeiðbrautar hjá Sörla og búa til aflíðandi beygu. Nú endar brautin á 90 gráðu beyju til beggja átta, sem skapar slysahættu. Óskað er sérstaklega eftir stuðningi bæjarins við þessar breytingar. Á félagssvæðinu eru síðan fjölmargir möguleikar á fegrun og betrumbótum sem hægt er að fara í ef aðstoð fæst hjá Hafnafjarðarbæ.


NAT

3. Óskað er eftir því að ráðinn verði starfsmaður fram að Íslandsmóti til að sinna kynningu og samhæfingu og markaðsstarfi vegna mótssins, samstarfi við fjöldmiðla o.s.frv. T.d. með útgáfu mótsblaðs eða öðru slíku. Hægt væri að ráða starfsmann sem er í háskólanámi í slíkum fræðum og veita honum þannig sumarstarf á COVID tínum. Starfmaðurirnn gæti einnig væri æskilegt að starfsmaðurinn gæti starfað sem einskonar framkvæmdastjóri verkefnisins í samstarfi við starfshóp sem Sörli skipar til að sjá um framkvæmd mótsins. Einnig mætti hugsa sér að um sérstakan starfsmann sé að ræða sem sér um þau mál.
4. Sörli óskar eftir aðkomu Hafnafjarðarbæjar varðandi það hvernig hægt er að taka vel á móti keppendum og gestum sem koma til bæjarins. T.d. með ókeypis aðgangi í sund eða annað á vegum bæjarins. Gott væri að viðburðarstjóri/markaðsstjóri bæjarins gæti verið til aðstoðar við félagið í þessum efnum.
5. Ofangreint eru nokkrir þættir sem sérstaklega eru nefndir, en líklegt er að í samstarfinu muni stuðningurinn og starfið þróast og skýrast.

Í stuttu máli óskar Hestamannafélagið Sörli eftir aðkomu Hafnafjarðarbæjar í formi starfskrafta úr vinnuskóla við fegrún svæðisins frá vori og fram að Íslandsmóti. Óskað er eftir aðgangi að starfsfólki og tækjum áhaldahúss Hafnafjarðarbæjar og að ráðinn verði sérstakur starfmaður til að sjá um framkvæmdastjórn og markaðsmál vegna Íslandsmótsins. Ef bæjaryfirvöld sjá sér fært að veita beinan fjárstuðning til mótsins væri það auðvitað vel þegið.

Að lokum óskar stjórn félagsins eftir því að á sérstakri opnunarhátið mótsins verði tekin fyrsta skóflustunga að nýrri reiðhöll Sörla. Ef að líkum lætur mun mótið fá talfsverða umfjöllun í fjöldum og sennilega verður sýnt beint frá því allan tímann.

F.h. stjórnar Hestamannafélagsins Sörla



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Atli Már Ingólfsson".

Atli Már Ingólfsson, formaður